

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Míningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar nr. 55 12. janúar 1999.

Stjórn Míningarsjóðs hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 12. janúar 1999:

5. gr. orðist svo:

Sjóðurinn skal vera í vörslu útibússtjóra Sparisjóðs Vestfirðinga á Patreksfirði, sem skal varðveita hann á verðtryggðum sparireikningi í útibúi sparisjóðsins á Patreksfirði á hæstu mögulegu vöxtum slíks reiknings, í dag Bakhjarl - 60 mánaða binding (5 ár).

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum. Formaður stjórnar skal vera útibússtjóri Sparisjóðs Vestfirðinga á Patreksfirði. Einnig skulu sitja í stjórninni sóknarpresturinn á Patreksfirði og sýslumaðurinn á Patreksfirði.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Míningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Bryndís Helgadóttir.